

Fagráð í hrossarækt

90. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudaginn 17. október 2019 kl. 11:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Gunnar Kristinn Eiríksson, Erlendur Árnason, Hulda Gústafsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Ingunn Reynisdóttir og Siguroddur Pétursson komust ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Ræktunarbú ársins 2019
3. DNA mál
4. Upprunareglugerð

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Tilnefningar til ræktunarbús ársins 2019. Lagt var fram yfirlit yfir árangur hjá 30 ræktunarbúum á árinu sem öll stóðust lágmarksskilyrði til skoðunar varðandi ræktunarbú ársins. Við valið var unnið fyrirleggjandi um val á ræktunarbúi ársins sem samþykktar voru á fundi fagráðs 22. febrúar 2018, þessar reglur eru aðgengilegar á heimasíðu Félags hrossabænda. Að þessu sinni voru tilnefnd 14 bú en það er orðið fast í reglum að efstu 12 búin er tilnefnd ár hvert. Í ár voru búin í tólfta til fjórtánda sæti jöfn að stigum. Í stafrófsröð eru þau:

Fet, Karl Wernersson

Garðshorn á Pelamörk, Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius

Hafsteinsstaðir, Hildur Claessen og Skapti Steinbjörnsson

Hlemmiskeið 3, Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfssdóttir

Hólabak, Björn Magnússon

Höfðabakki, Sigrún Kristín Þórðardóttir og Sverrir Sigurðsson

Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Bergur Jónsson og Olil Amble

Rauðalækur, Eva Dyröy, Guðmundur Friðrik Björgvinsson og Kristján G.

Ríkharðsson

Stóra-Hof, Bæring Sigurbjörnsson og Kolbrún Jónsdóttir

Skipaskagi, Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir

Strandarhjáleiga, Sigurlín Óskardóttir, Þormar Andrésson og fjölskylda

Stuðlar, Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson

Torfunes, Baldvin Kr. Baldvinsson

Þúfur, Gísli Gíslason og Mette Mannseth

Sigurvegarinn árið 2019 er Stuðlar, Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson.

3. Farið var yfir síðustu drög að dómskalanum. Búið var að setja inn breytingar sem voru ræddar á fundi fagráðs í maí og lagað það sem betur mátti fara; meðal annars þær ábendingar sem fram komu á fundarferð Sveins Steinarsson og Þorvaldar frá síðasta

vetri. Farið var stuttlega yfir þetta á fundinum en þetta hefur fengið góða umræðu í fagráði. Nauðsynlegt var að fara yfir þetta að lokum þar sem þessi síðustu drög voru svo kynnt á ræktunarnefndarfundi FEIF sem var helgina eftir fund fagráðs.

Ræktunarnefnd FEIF mun svo leggja fram þessi drög að nýjum dómsskala, uppfærðum ræktunarmarkmiðum og tillögu að nýjum vægistuðlum á aðalfundi FEIF í febrúar á næsta ári þar sem kosið verður um þessar breytingar.

Þá var skoðað myndband af þeim nýju verkefnum og prófum sem stefnan er að bæta við reiðdóminn næsta vor. Þorvaldur fékk til liðs við sig knapa og myndatökumann á Hólum í lok ágúst til að festa ákveðin atriði á filmu til að geta sýnt á fundum næsta vetur og einnig á samræmingarnámskeiði sem haldið verður í vetur fyrir kynbótadómara. Þetta er atriði sem krafa verður gerð um að verði sýnd fyrir einkunnir 9,0 og hærra; gefa tauminn fram á tölti til að sýna fram á hesturinn sé sjálfberandi á tölti, sýna mismunandi hraða á brokki osfrv.

4. DNA – kröfur til sýndra hrossa. Eins og reglur um kynbótasýningar eru núna þarf að liggja fyrir skráning á DNA sýni úr hryssum/geldingum til að hægt sé að sýna þau í kynbótadómi og hvað stóðhestana varðar verður að vera skráð DNA sýni úr þeim og einnig foreldrum þeirra. Það er sem sagt ekki gerð krafa að það sé búið að staðfesta ætternið. Á fundinum var rætt hvort ætti að taka það skref fyrir næsta vor að krefjast þess að það liggi fyrir staðfesting á ætterni til að hægt sé að skrá hross og sýna í kynbótadómi. Þetta væru í raun ekki auka kröfur/kostnaður á ræktendur en gerir það að verkum að fólk verður að vera fyrr að ferðinni með að taka DNA sýni og láta greina. Ástæðan fyrir þessari umræðu er meðal annars sú að stóðhestur gæti náð lágmarksfjölda til afkvæmaverðlaun án þess að staðfest sá að hann sé í raun faðir allra skráðra afkvæma. Ekki var skýr niðurstaða með þetta á fundinum en ákveðið var að kanna hvort hægt væri að gera þá kröfu þegar afkvæmahestar (og -hryssur) eru heiðraðir að búið sé að staðfesta ætterni allra skráðra afkvæma.
5. Í upprunareglugerðinni (reglugerð 442) um ræktun íslenskra hrossa er í 5 grein gerðar kröfur um að fyrirliggi m.a. fyljunarvottorð og fang- og folaldaskýrsla við grunnskráningu hrossa í WorldFeng. Það hefur í raun aldrei verið farið eftir þessu, þar sem til dæmis hross eru skráð í WorldFeng án þess að liggi fyrir nein staðfesting á formi fyljunarvottorðs eða stóðhestaskýrslu. Ákveðið var að fara yfir þessa grein upprunareglugerðarinnar og í framhaldinu fara yfir verkferla við grunnskráningu hrossa og endurskoða merkingar í WorldFeng sem snúa að A-vottun á ætterni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson